


Kennslukerfið tutor-web

Tutor-web er kennslukerfi þróað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Þúsundir æfinga í framhaldsskólastærðfræði má m.a. finna í kerfinu sem þið getið nýtt ykkur til að undirbúa ykkur undir komandi nám. Í kerfinu getið þið einnig tekið stöðupróf til sjá hvar þið standið. Stöðuprófið er aðeins hægt að taka einu sinni. Stöðuprófið er aðeins fyrir ykkur og gildir það ekki til einkunnar. Hér að neðan má sjá hvernig þið búið til notenda, skráið ykkur í kerfið, nálgist æfingarnar, takið stöðuprófið, safnið rafmynt og hvað þið getið gert ef upp koma villur í kerfinu. Kennslukerfið má nálgast á <http://tutor-web.net>.

Búa til notenda



Til að búa til nýjan notenda þarf að smella á Register efst hægra horninu.



Í Login name setjið þið HÍ-netfangið ykkar, það verður notendanafnið ykkar. Klárið að fylla út eyðublaðið og ýtið á Register. Þið fáið svo sendan tölvupóst með hlekk á HÍ-netfangið ykkar. Smellið á hlekkinn og veljið ykkur lykilorð.



Innskráning

Þegar þið hafið búið til notenda getið þið skráð ykkur inn með að smella á Log in í efst í hægra horninu. Sjáið þú notendanafn þitt efst í hægra horni ert þú þegar skráð(ur) inn. Ef ekki, smelltu þá á Log in efst í hægra horni síðunnar til að skrá þig inn.





Æfingar

Þið getið nálgast æfingarnar á forsiðu tutor-web. Smellið á Æfingar fyrir nýnema og veljið einn af flokkunum þremur, Reiknireglur og algebra, Föll eða Diffrun og heildun.





Til að fá fyrstu spurninguna skaltu smella á Take a drill on this lecture og svo New question. Æfingin er nú hafin! Einkunnin þín birtist niðri í vinstra horni og þú getur fylgst með hvernig hún breytist með hverri spurningu sem þú svarar. Þú getur svarað eins mörgum spurningum og þú vilt. Þú getur hvenær sem er hætt og farið aftur inn og haldið áfram að svara spurningum.




Til þess að skipta um flokk smellið á Back to main menu eftir að hafa svarað spurningu og veljið þann flokk sem þið viljið svara spurningum úr.

Þegar þú hefur farði í gegnum skrefin hér að ofan einu sinni getur þú alltaf nálgast æfingar með að smella á Drills hnappinn af forsiðu tutor-web.



Stöðupróf

Stöðuprófið má nálgast með að smella á Stöðupróf nýnema af forsiðu tutor-web. Takið eftir að þið getið aðeins tekið stöðuprófið einu sinni. Ekki er hægt að hætta í miðju stöðuprófi og byrja aftur.



Rafmynt

Þegar þið sýnið fram á góðan árangur í tutor-web vinnið þið ukkur inn broskalla. Broskallar eru rafmynt (cryptocoin) líkt og Bitcoin og Auroracoin. Þið getið lesið nánar um rafmyntina hér: <https://tutor-web.info/smileycoin>.

Villur

Ef þið fáið upp villuskilaboð og getið ekki svarað spurningum skulið þið smella á Back to main menu og smella svo á notendanafnið ykkar efst í hægra horninu. Byrjið á að smella á Sync all subscriptions og því næst Clear data and logout. Skráið ykkur inn á nýju.

The screenshot shows the TutorWorld interface. At the top left is the logo "tutor" with a graduation cap over a globe, followed by "w" in blue. To the right is a user profile dropdown menu for "annahelga" with a list of options: "Sync all subscriptions", "Become a tutor", "Redeem your smileycoins", "Get more tutorials", and "Clear data and logout". Below the logo is a blue bar with the text "Nýnemar VoN". Underneath this bar is a table with two columns: the first column lists quiz topics and the second column shows the number of questions answered and the score. The table contains one row: "Reiknireglur og algebra" with "Answered 15 questions, 10 correctly. Your grade: 5.5". Below the table are two buttons: "Get more tutorials" and a small disclaimer: "Grades may be recorded and used anonymously for research purposes."

Nýnemar VoN	
Reiknireglur og algebra	Answered 15 questions, 10 correctly. Your grade: 5.5
Föll	
Diffnun og heildun	